



Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. desember 2007
Tilvísun: 2007120004
Bréfalykill: 50.15

Efni: Umsögn vegna INSPIRE tilskipunarinnar

Í bréfi iðnaðarráðuneytisins til Orkustofnunar 5. desember 2007 var óskað eftir athugasemdum stofnunarinnar við það hvort INSPIRE tilskipunin kalli á breytingar á íslenskum lögum og hvaða kostnað verkefnið myndi hafa í för með sér. Í bréfi umhverfisráðuneytis til iðnaðarráðuneytisins 27. nóvember 2007 kemur fram um INSPIRE: *“Markmið tilskipunarinnar er að samræma og samnýta landfræðileg gögn í Evrópu og gera þau aðgengilegri með nútímalegum hætti fyrir stjórnvöld, fyrirtæki og allan almennig.”* Jafnframt er í bréfinu bent á að gögn sem falli undir INSPIRE séu tilgreind í viðaukum I-III við tilskipunina.

Samræming og samnýting á sviði landfræðilegra gagna næst best með vandaðri skráningu og miðlun upplýsinga (lýsigagna) um innihald gagnasafna og með aðgengi að gögnum beint í gegnum vefsjár á netinu, en æskilegt er að hafa góða tengingarmöguleika milli gagna frá ólíkum fagsviðum og stofnunum þar sem það er mögulegt.

Það hefur lengi verið stefna Orkustofnunar að veita gott aðgengi að gögnum og hafa sem minnstar takmarkanir á notkun þeirra. Stofnunin hefur í því sambandi meðal annars staðið fyrir gerð “Gagnavefsjár” sem miðlar og tengir saman gögn úr mörgum áttum og auk þess tekið þátt í lýsigagnastarfi innan samtaka um landupplýsingar á Íslandi (LÍSA). Jafnframt hefur Orkustofnun með tilstyrk iðnaðarráðuneytisins verið annar aðalfjármögnunaraðili verkefnisins um “Náttúruvefsjá” ásamt “Verkefnisstjórn um íslenska upplýsingasamfélagið”. Innan verkefnisins um “Náttúruvefsjá” hefur verið þróaður sérhæfður hugbúnaður sem gæti ef rétt er á málum haldið skapað mikilvægar og hagkvæmar lausnir við það að: *“... samræma og samnýta landfræðileg gögn [á Íslandi] ... og gera þau aðgengilegri með nútímalegum hætti fyrir stjórnvöld, fyrirtæki og allan almennig.”*

Þar sem landfræðileg gögn eru unnin og varðveitt í fyrirtækjum, hjá sveitarfélögum og á mörgum stofnunum undir ólíkum ráðuneytum telja ýmsir að skýra þurfi betur ábyrgð á málaflokknum innan stjórnkerfisins hér á landi. Ekki er ólíklegt að setja þurfi nýjar reglugerðir eða jafnvel breyta lögum til að skerpa betur á verkskiptingu milli stofnana undir hinum ýmsu ráðuneytum vegna INSPIRE, þar sem umsjón með ákveðnum fagsviðum verði skýrar skilgreind en nú er. Ekki verður séð að efni INSPIRE tilskipunarinnar kalli sérstaklega á breytingar á lögum um Orkustofnun. Reglugerðarákvæði um gagnamál Orkustofnunar gætu hins vegar komið ákveðnum verkefnum í skilgreindari farveg.

Gagnasöfn á nokkrum sviðum sem fram koma í viðaukum I-III í INSPIRE tilskipuninni eru ekki til hér á landi sem aðgengileg gagnasöfn, en sum þeirra gagnasafna sem til eru þurfa án efa að fara í gegnum einhvers konar endurskipulagningu. Gera verður ráð fyrir að það taki

verulegan tíma að skilgreina og ljúka gerð margra gagnasafna og í því felist umtalsverður kostnaður fyrir samfélagið. Við þá vinnu er mikilvægt að hugmyndafræði grunngerðar landfræðilegra gagna (SDI) sem endurspeglast í INSPIRE, verði höfð að leiðarljósi.

Virðingarfyllt

Þorvaldur Bragason